

Nd.

392. Breytingartillögur

[15. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein (verður 3. gr.) og hljóði svo:
C4 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að 18°00'0 V er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein (verður 5. gr.) og hljóði svo:
D1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt 63°08'0 N, 19°57'0 V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
3. 4. gr. (verður 6. gr.) hljóði svo:
E1 í 3 gr. orðist svo: Utan línu, sem dregin er 5 sjómíllur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt 64°43'7 N og 24°12'0 V, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
4. Á eftir 4. gr. komi ný grein (verður 7. gr.) og hljóði svo:
E3 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) að línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms 38) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
5. 5. gr. (verður 8. gr.) hljóði svo:
Liður F Breiðafjörður í 3. gr. orðist svo:
F1. Utan línu, sem dregin er frá punkti 64°43'7 N og 24°12'0 V í punkt 64°43'7 N og 24°26'0 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Biargtöngum (vms 43), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.
F2. Utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálaspá (vms 40) og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Biargtöngum (vms 43), er skipum 39 metrar að lengd og minni heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu tímabilið 1. júní til 31. desember.
F3. Á tímabilinu 1. júní til 31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65°16'0 N.

F4. Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi vestur frá Malarriði (vms 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.

6. Á eftir 5. gr. komi ný grein (verður 9. gr.) og hljóði svo:

3., 4. og 5. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Haf-rannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn, sbr. 2. mgr., verða varir við verulegt magn af smáfiski eða smáhumar í afla, eða þá friðaðar fisktegundir, skulu þeir þegar tilkynna það Hafrannsóknastofnuninni eða einhverjum af til-teknum fiskifræðingum, sem tilnefndir verða sérstaklega af forstjóra í þessu skyni.

Hafrannsóknastofnunin getur að fengnum slíkum tilkynningum bannað til-teknar veiðar á ákveðnum svæðum í allt að 7 sólarhringum. Slíkar skvndi-lokanir taka gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi skipstjórum eftirlitsskipa, leiðangursstjórum eða trúnaðarmönnum ráðherra.

Landhelgisgæslunni skal tilkynnt um skyndilokanir skv. 4. mgr. þegar er þær hafa verið ákveðnar, og einnig skal sjávarútvegsráðuneytinu þá tilkynnt um slíkar skyndilokanir og forsendur þeirra. Ráðuneytið ákveður þá í sam-ráði við Hafrannsóknastofnunina innan 7 sólarhringa hvort og þá hvaða ráð-stafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks eða friðaðra tegunda á við-komandi svæði.